

## **Rannsókn og útgáfa á kvikfjártali árið 1703**

Verkefni um rannsókn og miðlun menningarefnis  
skipulagt af Þjóðskjalasafni Íslands

Umsjónarmaður: Eiríkur G. Guðmundsson Þjóðskjalasafni Íslands

Námsmenn: Gunnar Marel Hinriksson og Gunnar Örn Hannesson

Nýsköpunarsjóður styrkti verkefnið árið 2004

Lokaskýrsla um vinnu sumarsins 2004

September 2004

## Efnisyfirlit

Ágrip	2
1. Inngangur	
1.1. Forsendur og sögulegt samhengi	3
1.2. Markmið verkefnisins	3
1.3. Nýsköpunargildi	3
1.4. Fjármögnun	4
1.5. Námsmenn	4
2. Niðurstöður sumarsins 2004	
2.1. Hvernig standa áætlanir	4
Verk- og kostnaðaráætlun	4
Áætlun um framvindu	5
2.2. Vinna við verkefnið sumarið 2004	5
Þáttur námsmanna	5
Undirbúningur	5
Lestur og uppskrift	6
Varðveisla skýrslanna	7
2.3. Samantekt niðurstaðna, hvað lærðum við?	8
Fylgiskjal 1. Reglur um uppskrift kvikfjártals 1703	10
Fylgiskjal 2. Sýnishorn skjals, síða úr kvikfjártalinu	11
Fylgiskjal 3. Uppskrift einnar síðu úr kvikfjártalinu	12
Fylgiskjal 4. Sýnishorn um skráningu skjalfræðilegra einkenna	13

## Ágrip

Nýsköpunarsjóður styrkti vorið 2004 verkefnið *Rannsókn og útgáfa á kvikfjártali árið 1703*. Kvikfjártalið er ásamt Jarðabókinni 1702-14 og manntalinu 1703 er sérstæður flokkur hagsögu- og félagssöguheimilda. Kvikfjártalið er eina heimildin sem hefur ekki verið gefin út og er lítt rannsökuð. Markmiðið er að ráða bót á þessu með því að gefa það út á prenti og rafrænt. Fyrsta skrefið er að skrifa skjölin upp og 4 mannmánaða styrkur Nýsköpunarsjóðs var veittur til að hefja það verk.

Tveir sagnfræðinemar unnu alls í um sjö mannmánuði við að skrifa upp frumskýrslurnar. Alls skrifuðu þeir upp skýrslur úr 55 hreppum af þeim 100 sem skýrslur eru varðveittar úr. Samtímis skráðu þeir helstu staðreyndir um skjölin og einkenni þeirra, svo sem fjölda blaða og síðna, stærð, ástand skjala, hverjir skrifuðu undir og hvenær.

Með þessari vinnu verður til ný þekking, svo sem á fjölda og aldri búfjár og eignarhaldi á kvikfé. Þá er víða getið um skuldastöðu kvikfjáreigenda. Mikilvægt er að nýir möguleikar opnast á samanburði við jarðabókina og manntalið. Það mun auka þekkingu okkar og skilning á upphafsárum 18. aldar.

## 1. Inngangur

### 1.1. Forsendur og sögulegt samhengi

Viðamikil rannsókn danskra stjórnvalda á högum Íslendinga í upphafi 18. aldar gaf af sér þrjár meginheimildir um efnahagslegar, félagslegar og atvinnulegar aðstæður á Íslandi á árabílinu 1702-1714. Rannsóknin fólst í samningu jarðabókar fyrir allt landið (1702-1714), talningu og skráningu fólks (1702-1703) og talningu og skráningu kvikfjár. Hér var um að ræða eina viðamestu heildarrannsókn á högum Íslendinga sem gerð hefur verið. Sambærilegar heimildir munu vandfundnar hjá öðrum þjóðum. Manntalið 1703 er t.d. elsta varðveitta manntal í heiminum sem nær til heillar þjóðar og nefnir alla íbúa með nafni, aldri og þjóðfélagsstöðu. Árni Magnússon og Páll Vídalín skipulögðu þessa skráningu alla en hreppstjórar önnuðust framkvæmdina að stórum hluta. Þjóðskjalasafn Íslands varðveitir þessi frumgögn. Saman veita þessar þrjár heimildir einstæða möguleika til rannsókna á íslensku samfélagi í upphafi 18. aldar.

Til þessa hafa fræðimenn lítið notað kvikfjártalið enda hefur það ekki verið gefið út eins og jarðabókin og manntalið. Kvikfjártalið er því miður ekki heilt. Skýrslur vantar úr um 40% hreppa. Engu að síður er mikilvægt að gefa það út og gera fræðimönnum og almenningi kleift að rannsaka það. Til þess var sótt um til Nýsköpunarsjóðs að hefja þetta verk sem er vandasamt og seinlegt. Það er þó tilvalið að fá námsmenn að verkinu á ýmsum stigum.

### 1.2. Markmið verkefnisins eru

1. Að skrifa upp kvikfjártalið frá árinu 1703.
2. Að búa það til útgáfu a) í rafrænum grunni á vef Þjóðskjalasafns, b) á prenti.
3. Að rannsaka og skrá skjalfræðileg einkenni frumskjalanna og aðrar sameiginlegar upplýsingar úr skýrslunum er varpa ljósi á tilurð skjalanna og heimildagildi.
4. Samantekt á tölfræði úr kvikfjártalinu.

### 1.3. Nýsköpunargildi

- A.** Útgáfa kvikfjártalsins opnar fræðimönnum, stúdentum og almenningi aðgang að heimild sem er frekar óðgengileg í sínum upphaflega búningi. Þar með verður til nýr rannsóknargrundvöllur sem elur af sér nýja þekkingu.
- B.** Heimildin eykur við þekkingu manna á landbúnaði í upphafi 18. aldar. Kvikfjártalið er sérstakt vegna þess að það er talning fénaðar á sama tíma um land allt. Kvikfjárupplýsingar í jarðabókinni eru skráðar á 12 árum (1702-1714) en á þeim tíma gekk þjóðin í gegnum hörmungar Stórubólu. Samanburður heimildanna getur varpað nýju ljósi á áhrif fólksfækkunarinnar á búfjáreign landsmanna. Útgáfa á kvikfjártalinu árið 1703 gefur í fyrsta sinn raunhæfa möguleika á samanburði við kvikfjártölur jarðabókarinnar og þannig tækifæri til að meta sveiflur í búfjáreign á árunum 1702-1714.
- C.** Þá veitir heimildin þekkingu á skiptingu kvikfjár eftir aldri og að nokkru eftir kyni. Að sama skapi greinir kvikfjártalið t.d. frá leigu og eignarhaldi á kvikfé í einhverjum mæli umfram aðrar heimildir á þessum tíma.
- D.** Verkefnið veitir mikilvæga reynslu við miðlun menningarefnis með stafrænni tækni á netinu.
- E.** Útgáfan skapar aukna möguleika á að kynna á erlendum vettvangi þessa einstæðu heimild ásamt manntalinu og jarðabókinni.

## 1.4. Fjármögnun

Í tilefni 300 ára afmælis kvikfjártalsins ákvað Þjóðskjalasafn að hefja vinnu við útgáfu þess og gera það aðgegnilegt fræðimönnum og almenningi. Verkið er flókið og seinlegt og því þarf utanaðkomandi fjármagn til að verkið komist á skrið. Tilvalið er að fá nem-endur í sagnfærði að verkinu og því var leitað til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Sótt var um fjóra mannmánuði og ákveðið að Þjóðskjalasafn legði til tvo á móti. Nýsköpunarsjóður samþykkti umsókina. Í raun var unnið háflum mánuði lengur en þessa 6 mánuði á kostnað Þjóðskjalasafns. Líklega verður í framhaldinu leitað til fleiri aðila um styrki.

## 1.5. Námsmenn

Námsmennirnir Gunnar Marel Hinriksson (kt. 290883-4319), Grashaga 1c, 800 Selfossi og Gunnar Örn Hannesson (211174-3909), Gnoðarvogi 24, 104 Reykjavík voru ráðnir til verksins og tóku til starfa 18. maí 2004. Þeir eru nemendur á fyrsta ári í sagnfræði í Háskóla Íslands og kynntust heimildinni í námsferð á Þjóðskjalasafn í vor.

## 2. Niðurstöður sumarsins 2004

### 2.1. Hvernig standa áætlanir?

#### Verk- og kostnaðaráætlun

Ljóst er að upphaflegar áætlanir um umfang og kostnað raskast. Fyrir það fyrsta hefur komið í ljós að skýrslurnar eru fleiri en frumtalningin leiddi í ljós. Skýrslur virðast vera til úr 60% hreppa í stað 50% sem er ánægjulegt. Fjöldi síðna og verkeininga eru því meiri en gert var ráð fyrir og verkið því umfangsmeira.

Upphafleg áætlun um verkþætti og kostnað var svofelld:

<b>Verkþættir</b>	<b>Vinnust.</b>
1. Lestur frumskjala og innsláttur	1038
2. Skráning handritseinkenna og annarra upplýsinga	260
3. Prófarlestur uppskriftar	346
4. Inngangur: Um handrit, framkvæmd, kvikfjárfjölda og tölfræði	250
5. Hönnun gagnagrunns og vefviðmóts	200
6. Ensk samantekt, orðalisti	150
7. Útgáfustjórn og umsjón	80
<b>Vinnustundir alls</b>	<b>2324</b>
<b>Vinnulaun alls kr.</b>	<b>4.764.750</b>
<b>Annar kostnaður ófyrirséður, kr.</b>	<b>200.000</b>
<b>Kostnaður alls kr.</b>	<b>4.964.750</b>

(Prentkostnaður er ekki í áætluninni).

Alls unnu nemarnir 1079 stundir við að skrifa upp skýrslur úr 55 hreppum eða 60% allra skýrslna. Í áætluninni að ofan er ráðgert að uppskrift og skráning allra skýrslna taki 1298 klst. Miðað við það hlutfall verks sem lokið er, má reikna með að í allt taki verkið 1962 klst. Þannig má ætla að nærri

700 klst. lengri tíma taki að skrifa allar skýrslurnar upp en ráðgert var í upphafi. Allar áætlanir um hraða við verk af þessu tagi eru ónákvæmar. Mjög erfitt er að lesa margar skýrslurnar vegna þess hve skrift og ritháttur ólík því sem nú tíðakst.

Ljóst er því að ofangreinda áætlun þarf að endurskoða fyrir framhald verksins. Verkið er seinlegra en ætlað var. Það þarf að gera ráð fyrir sérstökum yfirlestri frumskráningar og samræmingarvinnu þeirra sem skrifa upp. Það þarf að reikna með vinnu við daglega umsjón og verkstjórn, skýrslugerð og samskipti við styrktaraðila. Eðlilegt er að reikna með einhverju kynningarstarfi. Enn hefur ekki tekist að fjármagna nema hluta verksins, þ.e. hluta af lið 1 og 2 með styrk Nýsköpunarsjóðs. Endurskoðuð áætlun mun fylgja með framhaldsumsókn.

### **Áætlun um framvindu**

Sama gildir um framvinduáætlun, að hún raskast eins og verk- og kostnaðaráætlun af sömu ástæðum, og verður endurskoðuð. Upphafleg áætlun var svofell:

#### Júní til ágúst 2004

1. Texti frumskjalanna skrifaður upp og sleginn í tölvu. 2) Skráning skjalfraðilegra einkenna og sérupplýsinga.

#### September 2004 til apríl 2005

Hönnun gagnagrunns fyrir rafræna útgáfu kvikfjártals. Innsleginn texti búinn til innsetningar í gagnagrunn, samræming texta o.fl. Þessum þætti lýkur þó ekki fyrir en lið nr. 1 er lokið.

#### Júní til ágúst 2005

Lokið við uppskrift frumskjalanna og gögn búin endanlega fyrir gagnagrunnsútgáfuna.

Prófarkarlestur uppskriftar.

#### September 2005-apríl 2006

Unnið að gerð tölfraði upplýsinga og prentútgáfu kvikfjártals. Skrifaður inngangur. Prentuð útgáfa kemur út í kjölfarið.

## **2.2. Vinna við verkefnið sumarið 2004**

### **Þáttur námsmanna**

Þáttur námsmanna að þessu sinni var tvíþættur:

1. Að lesa heimildina og skrifa að nýju á stafrænan miðil (í ritvinnslu).
2. Að skrá skjalfraðileg einkenni frumskjalanna og aðrar upplýsingar sem þar er að finna en varða sjálfa kvikfjártalninguna.

### **Undirbúningur**

Ákveðið var að hefja vinnu við verkefnið eins fjótt og námsmennirnir gátu og var það 18. maí. Fyrsta verk starfsmanna Þjóðskjalasafns var að kynna þeim umgengni við skjöl og vinnubrögð við uppskrift. Þá var þeim kynntur skráningarlykill til að skrá sérkenni heimildarinnar og skjalfraðileg einkenni (sjá fylgiskjal 4). Á fyrstu dögnum voru samdar leiðbeiningar um hvernig skyldi stafsetja hina margbeytilegu skrift sem er á skjölunum. Var það byggt á lestri fyrstu skýrslanna. Þessar reglur voru svo lagaðar að nýjum atriðum næstu tvær vikur (sjá fylgiskjal 1). Víst er að reikna þarf

með meiri vinnu við samanburð á lestri og túlkun skriftar á síðari stigum þegar er við að skrifa allt upp.

### Lestur og uppskrift

Í upphafi unnu námsmennirnir saman að lestri og uppskrift nokkurra kvikfjárskýrsla. Þannig lærðu þeir saman og æfðu sig að lesa og skrifa upp. Með þeim hætti er vonast til að meira samræmi verði á uppskriftinni og túlkun á skriftarabrigðum. Þannig má vænta að yfirlestur verði auðveldari. Kvikfénaðarskýrslurnar voru skrifaðar upp eftir þeirri röð að byrjað var á Norður-Múlasýslu og farið hringinn suður og vestur um land. Alls lásu þeir félagar og skrifuðu upp kvikfénaðarskýrslur úr 55 hreppum og skrifuðu upp 916 síður skjala af ólíkum stærðum. Sjá eftirfarandi töflu.

<b>Yfirlit yfir þær kvikfénaðarskýrslur sem skifaðar voru upp frá 18. maí til 31. ágúst 2004</b>				
	<b>Hreppur/sveit</b>	<b>Sýsla</b>	<b>Textasíður í forriti</b>	<b>Stærð handrits (hxb)</b>
1	Skeggjastaðahreppur	N-Múlas.	3,5	32,4cm x 21,0 cm
2	Vopnafjarðahreppur	N-Múlas.	6,3	32,9 cm x 21,2 cm
3	Jökuldalshreppur	N-Múlas.	24,5	21,0 cm x 8,2 cm, +/- 1
4	Tungu- og Fellnahr.	N-Múlas.	13,1	32,8 cm x 21,1 cm
5	Vallnahreppur	M-Múlas.	21	32,0 cm x 10,3 cm
6	Borgarfjarðahreppur	M-Múlas.	4,3	32,0 cm x 10,3 cm
7	Loðmundarfjarðarhr.	M-Múlas.	3	32,0 cm x 10,3 cm
8	Seyðisfjarðahreppur	M-Múlas.	3,5	32,0 cm x 10,3 cm
9	Mjóafjarðahreppur	M-Múlas.	3,7	32,0 cm x 10,3 cm
10	Norðfjarðahreppur	M-Múlas.	5	32,0 cm x 10,3 cm
11	Fljótsdalshreppur	S-Múlas.	19,5	31,9 cm x 10,8 cm
12	Skriðdalshreppur	S-Múlas.	3,3	33,5cm x 20,5cm
13	Reyðarfjarðahreppur	S-Múlas.	7	32,1cm x 20,8cm
14	Fáskrúðsfjarðahreppur	S-Múlas.	9	32,6 cm x 22,0 cm
15	Breiðdalshreppur	S-Múlas.	19,5	33,0 cm x 10,7 cm
16	Beruneshreppur	S-Múlas.	7,3	31,6 cm x 9,9 cm
17	Álftafjarðahreppur	S-Múlas.	17,6	20,7cm x 8,1 cm
18	Lón, Nes og Mýrar	A-Skaftafellss.	25	21,4 cm x 16,3 cm
19	Borgarhafnarhreppur	A-Skaftafellss.	13	21,4 cm x 16,3 cm
20	Hofshreppur	A-Skaftafellss.	9	21,4 cm x 16,3 cm
21	Kleifahreppur	V-Skaftafellss.	24	31,1cm x 19,6cm +/- 1
22	Leiðvallarhreppur	V-Skaftafellss.	13	32,2 cm x 20,9 cm
23	Dyrhólahreppur	V-Skaftafellss.	27	31,6cm x 19,7, +/- 1
24	Vestmannaeyjahr.	Vestmannaeyjar	8	31,4cm x 10,2cm
25	Eyjafjallasveit	Rangárvallas.	54,1	20,9 cm x 8,3 cm
26	V-Landeyjahreppur	Rangárvallas.	8	32,8cm x 10,4cm
27	Hvolhreppur	Rangárvallas.	11	30,6cm x 9,9cm
28	Holtamannahreppur	Rangárvallas.	45	20,0 cm x 7,8 cm
29	Stokkseyrarhreppur	Árness.	68	20,2 cm x 7,8 cm.
30	Biskupstungnahreppur	Árness.	30	32,7cm x 10,7cm
31	Grímsneshreppur	Árness.	27	32,7cm x 10,5cm
32	Grindavíkurhreppur	Gullbringus.	15	31,3cm x 10,4cm
33	Rosmhvalanesshreppur	Gullbringus.	12	32,7 cm x 10,8 cm
34	Vatnsleysustr.hr.	Gullbringus.	23	32,1cm x 10,2cm
35	Seltjarnarnesshreppur	Gullbringus.	8	32,5cm x 10,2cm
36	Mosfellshreppur	Kjósars.	14	34,0 cm x 10,5 cm
37	Kjalarnesshreppur	Kjósars.	24	31,6cm x 10,1cm
38	Skilmannahreppur	Borgarfj.s.	11	22,4 cm x 7,8 cm
39	Andakílshreppur	Borgarfj.s.	14	32,2cm x 10,2cm
40	Skorradalshreppur	Borgarfj.s.	6	32,9cm x 10,8
41	S-Reykjadalshreppur	Borgarfj.s.	6	32,5 cm x 10,7 cm

<b>Yfirlit yfir þær kvikfénaðarskýrslur sem skifaðar voru upp frá 18. maí til 31. ágúst 2004 frh.</b>				
	<b>Hreppur/sveit</b>	<b>Sýsla</b>	<b>Textasiður i forriti.</b>	<b>Stærð handrits (hxb)</b>
42	Reykholtsdalshreppur	Borgarfj.s.	22	15,6 cm x 10,2 cm
43	Ásasveit	Borgarfj.s.	9	16,2 cm x 10,4 cm
44	Þverárhliðarhreppur	Mýras.	11	20,8 cm x 8,2 cm
45	Norðurárdalshreppur	Mýras.	18	20,9cm x 8,1cm
46	Stafholtstungnahreppur	Mýras.	18	21,1 cm x 8,3 cm
47	Borgarhreppur	Mýras.	20	20,8cm x 8,4cm
48	Álftaneshreppur	Mýras.	35	20,6cm x 7,7cm
49	Hraunhreppur	Mýras.	29	20,8 cm x 8,2 cm
50	Staðarsveit	Snæfellsness.	42	32,5cm x 10,0cm
51	Breiðuvíkurbhreppur	Snæfellsness.	19	32,4 cm x 10,4 cm
52	Fellsstrandarhreppur	Dalas.	4	32,0 cm x 19,9 cm
53	Geiradalshreppur	Barðastr.s.	4	20,6 cm x 16,4 cm
54	Reykholahreppur	Barðastr.s.	13	31,0cm x 10,0cm
55	Gufudalshreppur	Barðastr.s.	6	19,7 cm x 15,7 cm
<b>Alls 55 skýrslur</b>			<b>916,2 síður</b>	

Ekki verður annað sagt en að þeir Gunnar Örn og Gunnar Marel hafi unnið vel og samviskusamlega og reyndar sýnt óvenjulega mikinn áhuga á verkefninu.

#### Varðveisla skýrslanna

Varðveisla kvikfénaðarskýrslanna er nú eftir vinnu sumarsins orðin ljósari en áður var. Við undirbúning verkefnisins fór fram frumtalning á skýrslunum og voru þær þá 90 talsins. Nokkrar skýrslur hafa komið ljós við uppskriftarvinnuna. En oft er erfitt að sjá hvar skýrslu lýkur og önnur hefst. Útlit er fyrir að skýrslur úr 100 hreppum séu varðveittar. Rétt er þó að hafa á þessu fyrirvara vegna þess að verkefnið felur í raun í sér fyrstu nákvæmu skráningu þessara heimilda, svo vitað sé. Hugsanlega leynast enn skýrslur sem ekki greindust við frumtalningu.

Flestar skýrslurnar virðast vera skýrslur talningarmannanna, hreppstjóranna, sumar virðast vera frumgögn en aðrar virðast hreinrit þeirra. Þetta atriði þarfnast nánari rannsóknar.

Núverandi þekking á varðveislunni er sett fram í eftirfarandi töflu:

<b>Varðveisla kvikfjárskýrslna frá 1703</b>				
<b>Sýslur</b>	<b>Fjöldi hreppa 1703</b>	<b>Fj. hreppa m. varðveittar skýrslur</b>		
		<b>Varðveittar</b>	<b>Ekki varðveittar</b>	
Norður-Múlasýsla	4	4	0	
Mið-Múlasýsla	6	6	0	
Suður-Múlasýsla	7	7	0	
Austur-Skaftafellssýsla	3	3	0	
Vestur-Skaftafellssýsla	3	3	0	
Rangárvallasýsla	8	4	4	
Árnessýsla	13	3	10	
Vestmannaeyjar	1	1	0	
Gullbringusýsla	6	4	2	
Kjósarsýsla	3	2	1	
Borgarfjarðarsýsla	9	6	3	



<b>Varðveisla kvikfjárskýrslna frá 1703, frh.</b>			
<b>Sýslur</b>	<b>Fjöldi hreppa 1703</b>	<b>Fj. hreppa m. varðveittar skýrslur</b>	
		<b>Varðveittar</b>	<b>Ekki varðveittar</b>
Mýrasýsla	7	6	1
Hnappadalssýsla	3	0	3
Snæfellsnessýsla	6	2	4
Dalasýsla	8	1	7
Barðastrandarsýsla	10	10	0
Vestur-Ísafjarðarsýsla	7	0	7
Norður-Ísafjarðarsýsla	7	1	6
Strandasýsla	6	1	5
Húnavatnssýsla	12	12	0
Skagafjarðarsýsla	12	12	0
Eyjafjarðarsýsla	10	0	10
Þingeyjarsýsla	12	12	0
	163	100	63

Ein spurning kemur upp í umræðunni um varðveislu en það er hvort talningarskýrslur hafi upphaflega verið gerðar í öllum hreppum. Þetta er óvíst og þarf að athugast betur. En í ljósi þess að allar skýrslur manntalsins eru varðveittar er nærtækt að álykta að menn hafi talið og skráð kvikféð af sömu ábyrgð. Ef svo er hafa skýrslurnar glatast með einhverjum hætti.

Í Jarðabókina 1702-1714 vantar Múla- og Skaftafellssýslur og því er ánægjulegt að kvikfénaðarskýrslur eru til úr öllum hreppum þessara sýslna og bæta að nokkru úr þeim skaða.

### 2.3 Samantekt niðurstaðna, hvað lærðum við?

Mat umsjónarmanns

Meginmarkmið verkefnis sumarsins var að skrifa upp og skrá skýrslur um talningu kvikfjár árið 1703. Það gekk afar vel eins og lýst hefur verið. Engin rannsókn hefur farið fram á innihaldi skýrslanna en rétt er að nefna nokkur atriði sem komið hafa í ljós og geta reynst verð nánari athugunar (liðir 2-8).

1. Niðurstaða sumarsins er að 55 kvikfénaðarskýrslur hafa verið skrifaðar upp eða 60% varðveittra skýrslna. Úr um 60 hreppum finnast engar skýrslur. Skýrslurnar eru misvel varðveittar. Sumar eru í góðu standi og aðrar í löku.
2. Talning kvikfjár hefur einkum farið fram síðari hluta maímánaðar og fram um miðjan júní, enda venja að miða kvikfénaðartalningu við fardaga. Ekki eru þó allar skýrslur tíma-settar. Þetta þýðir að talning fjár fór almennt fram um tveimur mánuðum eftir að fólk var talið.
3. Kvikfjáreigendur eru nefndir með nafni og hvar þeir búa. Þannig fæst samanburður við manntalið og dæmi eru um að bær er farinn í eyði á tímabilinu frá manntalsdögum og fram að kvikfjártalningu.
4. Ný vitneskja um eignarhald á skepnum kemur fram með því að tíunduð er kvikfjáreign vinnufólks.

5. Þá eru glögg dæmi um hvernig kvikfé var leigt og sett í fóður með ýmsum hætti og þannig má rekja einsök dæmi um eignir og efnahagsleg samskipti eigenda og leiguliða.
6. Dæmi eru um að aldur kvikfjár sé tilgreindur í heilum hreppum og fást þar með nýjar upplýsingar um aldursamsetningu búfjár á öndverðri 18. öld. Almennt eru þessar upplýsingar ekki tiltækar fyrr en í skýrslum undir lok aldarinnar og þá ekki alltaf jafn ítarlegar.
7. Oft eru lýsingar á ástandi skepna og má ráða hag manna og árferði eftir þeim.
8. Auk þess að skrá kvikfé landsmanna eru víða skráðar skuldir manna, bæði það sem menn skulduðu innlendum mönnum og útlendum. Þetta eru viðbótar upplýsingar sem ekki mátti vænta að óathuguðu máli.

Mat námsmanna:

Gunnar Marel Hinriksson:

Af starfi mínu við uppskrift kvikfjártalsins anno 1703 í sumar hef ég lært margt. Helst ber þar að nefna það að fá tækifæri til að komast í tæri við skjölin sjálf, lestur þeirra og að venjast rithætti, orðaforða og framsetningu frumheimilda frá árunum í kringum 1700, einnig að læra og að beita í reynd þeim vinnubrögðum sem tíðkast við heimildaútgáfu sem þessa, hvort sem það er lausn sérlega illa skrifaðs orðs eða meðferð skjalanna sjálfra, og síðast en ekki síst að fá tækifæri til að vinna á Þjóðskjalasafni Íslands, sem hlýtur að vera ómetanleg reynsla hverjum sagnfræðinema.

Gunnar Örn Hannesson:

Við uppskrift á kvikfjártalinu frá 1703 öðlaðist ég reynslu sem varla er hægt að ætlast til að fá í kennslustofu. Ég ímynda mér að verkefnið hafi jafnast á við mörg samfelld námskeið í skjalalestri. Hin hagnýta hlið verkefnisins fyrir mig er augljós; þjálfun í lestri frumrita frá tilteknu tímabili í Íslandssögunni (en ég er sérstaklega áhugasamur um tímabilið ca. 1670-1730). Þar fyrir utan er kvikfjártalið sérstaklega áhugavert sem heimild og sérstaða þess augljóst. Uppskriftin gekk hraðar en ég átti von á frá minni hendi, þó tyrfinn væri á köflum. Ég er sérstaklega þakklátur fyrir að hafa átt kost á því að taka þátt í uppskrift á kvikfjártalinu og traustið sem mér var sýnt. Að síðustu vona ég að verkefnið fái að líta dagsins ljós í prentaðri útgáfu. Þrileikur Árna og Páls væri þar með fullkomnlega aðgengilegur.

Reykjavík, 13. september 2004

Eiríkur G. Guðmundsson  
umsjónarmaður

Gunnar Örn Hannesson  
námsmaður

Gunnar Marel Hinriksson  
námsmaður

## Fylgiskjal 1

### Reglur um uppskrift kvikfjártals 1703

**Stafrétt.** Í meginatriðum skal skrifa stafrétt eftir heimildinni. Skrifa skal því alla stafi forrits hvort sem nútímastafsetning býður svo eða ekki. Gildir þetta bæði um sérhljóða og samhljóða með þeim undantekningum sem koma fram hér á eftir. Með þessum hætti helst að mestu upphafleg notkun stafa og orða.

**Sérhljóðar.** Almennt skal hafa punkta og brodda yfir sérhljóðum eins og nú tíðkast. Þannig skal sleppa punktum og broddum yfir sérhljóðum sem samkvæmt nútíma hætti er ofaukið og hafa skal brodd yfir sérhljóðum eins og nú tíðkast svo sem forsetningunum í og á þótt forrit hafi ekki. Sama gildir um þegar einfaldur sérhljóði er í kvikfjárheitum, asaður verður ásaður, kuiga verður kuíga, kuyga verður kuýga, kalfur verður kálfur en rita skal kvikfie, aa eins og forrit hefur.

Skrifa skal y þegar það kemur fyrir hvort sem það tákna i eða í. Hafa skal brodd yfir y þegar það tákna hljóðið í. Greina skal á milli y og ij þegar rithönd gerir það kleift. Ø og önnur afbrigði af þessu hljóði svo sem o með lykkju skal skrifa ö samkvæmt nútíðarhætti. Ekki skal breyta o-i í ö ef forrit hefur það. Þegar au er í forriti þar sem nú tíðkast að skrifa ö skal halda au-inu (sbr. utegaungu). Límingarstafinn aa skal skrifa á og límingar uu sem ú.

Greina skal á milli i/I og j/J og skrifað eins og í forriti.

**Stóran og lítinn staf** skal í meginatriðum hafa eins og nú tíðkast, þ.e. í upphafi málsgreina og í sérnöfnum. Almennt skal því ekki skrifa stóra stafi inni í málsgreinum þótt forrit hafi tilfallandi stóran staf. Þó skal skrifa stóran staf ef sérstök ástæða er t.d. þegar orð er skrifað allt með stórum staf til áherslu. Erlend orð eins og registur og testera skrifast með litlum staf nema í upphafi málsgreina

**Eitt orð eða fleiri.** Þegar orð í forriti eru skrifuð sundurslitinn skal tengja þau saman í eitt orð eftir þeim viðmiðunum sem nú gilda. (ath. dönsk orð skulu höfð eins og í forriti).

Leysa skal úr **styttingum og böndum** og skrifa fullum fetum. Þannig eru stafir skrifaðir ofan línu í forriti færðir niður á línu án athugasemda. Styttingar á orðum eins og *fyrir, hann, honum, þessum, þeim, eftir* skal skrifa að fullu. Hafa skal þann rithátt sem finnst í handriti, svo sem *fyrer, efter* eða *epter*.

**Skammstafanir.** Nota skal sviga þegar leyst er úr skammstöfunum eins og fær1.= fær1(eikur), al. = al(in) eða ál(nir), vet. =vet(ra), fj. =fj(órdungur), f. =f(iskur), v. =v(ættir), veturgam:= veturgam(all). Orðin anno, item og datum skal með sama hætti skrifa út að fullu þegar þau eru styt t.d. a(nno), it(em) og d(ato/atum) eða dat(um) (fer eftir því hvar styttingin hefst). Orðið Séra skal skrifað eins forrit sýnir; (S<sup>ω</sup> = S<sup>r</sup>a, S<sup>r</sup> = S(i)r(a), S<sup>ω</sup> = S(i)ra), ef ritháttur kemur ekki fram skal skrifa Séra. Skammst. Hr. /hr er haldið ófylltri. Þegar vafi leikur á hvernig skal leysa úr skammstöfunum er það ekki gert. Skrifa skal hndr. fyrir hundraðsmerkið.

Hornklofar [] eru settir utan um stafi sem hafa verið í handriti en hafa molnað burt. Oddklofar <> eru hafðir um stafi eða orð sem aldrei hafa verið í forriti en líklegt þykir að vanti fyrir vangá ritara.

**Greinarmerkjasetningu** skal halda eins og í forriti en auka og fella brott greinarmerki þegar það auðveldar skilning, svo sem að bæta kommu milli liða í upptalningum eða fella brott punkt/tvípunkta eftir tölustöfum. Setja skal punkt á eftir setningu án athugasemda ef slíkt vantar í forriti.

**Línuskil.** Halda línuskilum (a.m.k. í fyrstu gerð) en færa upp í línu staf eða orðshluta sem í forriti er færður í næstu línu en tilheyrir orðinu.

**Yfirstrikaður texti** er skrifaður upp en með yfirstrikun (strikethrough).

Fylgiskjal 2

Sýnishorn síðu úr kvikfjártalinu 1703. Upphaf skýrslu úr Gufudalshreppi í Barðastrandarsýslu.

Anno 1703:

Kvikfjénadar Registur í Gufudals Hæpp. í Öndraparte  
Barðastrandarsýslu, Saman skrifað, d. 12 Júnij 1703

Liáttar. Far Guande

Ennar skálaþon segur Kvikfje-3. kix. 2 freuetta og smar  
2 gámlar, gend nánt 2 uetta. Kúiga veturgánnul. skálfur vet  
car áln, qe 28. - Lúguetta 6. - freuettar. 4. - Es is eldre  
getlder hánder 13. - Lúguetta 6. - freuetter. 5. - flogra uetra  
2. - uetungamler 16. - 1. Lúfur. gamall. - 2. Lúfur, eldre rú  
flogra uetra. Leigu gúlden af hnd af fýfve málnstú. 2. Lú  
og 16. qe, fýfve kú Kvenádur Lúfur framgvingid á fátte og etegongi  
á fjóllum -

Lúf. Far Guande

Ennar skálaþon segur Kvikfje. 4. kix. allar eldre rú 4. uetra  
1. skálfur uetra áln, qe 53. 4. flogra uetra, freuettar. 8. - fnd  
4. uetra. Smar eldre, getlder hánder 11. - fnd 3 uetar. 6. Lúguetta  
Lestur 3. - eldre rú 4. uetra, uetungamler 24. - Lú af á ad taka  
qúgúlden. 2 kix og 24 qe

Stállstengnes Far Guande

Ennar Gufungþon, segur Kvikfje - Lú 7. 1. Lúguetta,  
2. flogra uetra, 1. freuetur - 4. eldre - 1. gend nánt Lúguetta  
qe 2. 8. - uetungamler fátte. 12. - getlder hánder 2. 3.  
1. gamall - 2. freuetter, - 1. Lúfur - 10. uetra -  
2. fole freuetta. 4. flogra uetra - 1. gamall flogra ad tunc  
Leigu gúlden. 3 - rú skálfre jorden

### Fylgiskjal 3

Uppskrift upphafs kvikfjártals í Gufudalshreppi í Barðastrandarsýslu. Frumritið er fylgiskjal 2.

Anno 1703:

Kuikfienadar registur j Gufudals hrepp j Sidrapatre  
Bardastrandarsjlu, samann[ATH]skrifad D.[ATH] 12 júnj 1703.

Hiallar. Þar búande

Ejnar Skúlason[ATH] hefur kuikfie 3 kír, 1 þreuetra og hinar  
2 gamlar, gelldt naut 2 uett, 1 kuíga veturgömul, 1 kálfur vetrar  
alenn, ær 28, tuæuetrar 6, þreuetrar 4, enn 18 elldre,  
gellder sauder 13, tuæuetrer 6, þreuetrer 5, fjögrauetra  
3, ueturgamler 16. 1 hestur gamall, 2 hrjssur elldre enn  
fiögra vetra. Leiguqúgilldenn[ATH] af tekenn[ATH] af þessare málnjtu 2 kijr  
og 18 ær, þesse kujkfenadur hefur framm gejnqid á fódre og vtegangi  
á Hiöllum.

Gröf. Þar búande

Biarne Ólafsson. Hefur kuikfie 4 kír, allar elldre enn 4 uetra,  
1 kálfur vetrar alenn, ær 53, 4 fiögrauetra, þreuetrar 8, fimm  
4 uetra, hinar elldre, gellder sauder 11, fimm 3 uetrer, 6 tuæuetrjr,  
hestar 3 elldre enn 4 uetra, ueturgamler 24. Hier af á ad taka  
qúgilldenn 2 kír og 24 ær.

Hallsteinznes[ATH] þar búande

Ejnar Tjrfingsson, hefur kuikfie kijr 7, 1 tuæuetur,  
1 fiögrauetra, 1 þreuetur, 4 elldre, 1 gelldt naut tuæuett,  
ær 28, veturgamler sauder 12, gellder sauder 23,  
1 gamall, 2 þreuetrer, 1 hestur 10 uetra,  
1 fole þreuetra, 1 hross 4 uetra, 1 gamallt hross ad láne.  
Leigu qúgilldenn 3 med hálfre jördenne.



#### Fylgiskjal 4

Sýnishorn um skráningu skjalfræðilegra einkenna. Dæmi af skýrslu úr einum hreppi.

<b>Skráning skjalaeinkenna kvikfjártals 1703</b>	
<b>Skráningaratriði</b>	<b>Skráningardæmi</b>
Númer hrepps	1
Heiti hrepps (skv.pr. mt.)	Grindavíkurhreppur
Er skýrsla til?	já
Heiti hr. í kvikfj.tali/byrjun texta	Grindavík / Kvikfjár registur ábúenda og sérhvorra hjáleigumanna,...
Nafn þings (ef getið)	vantar
Nafn kirkjusóknar (ef getið)	vantar
Sýsla	Gullbringusýsla
Talningardagur	óviss, 27 júní(?) 1703
Talningarmán.	júní
Dagsetning undirritunar	27 júní 1703
Undirritunarmán.	júní
Fjöldi blaða	5
Fjöldi síðna með texta	15
Stærð síðna (hxb)	31,3cm x 10,4cm
Annað	
Staður (hvar var framtalið?)	Á Járngerðarstöðum
Nafn þeirra sem skrá (hvert á eftir öðru)	Eiólfur Jónsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Ólafur Pálsson, Sigvalde Biarnasson, Þorsteinn Gunnarsson,
Eðli undirritunar (meh/handsal)	meh, meh, meh, mehu[ath], meh,
Stakt kvikfjártal eða ei?	Kvikfjár registur úr Grindavík, stakt
Frumrit hreppstjóra eða sýslum?	líklega frumrit hreppstjóra
Nafn sýslumanns	kemur ei fram
Ástand (frumrits)	nokkrar síður teknar að krullast, annars hraustlegt að sjá og stíft í hendi, ástand frumrits yfir meðallagi
Uppsetning	upptalning, einn dálkur á síðu, bæjarnafn þá ábúandi loks fjöldi og tegund gripa með aldri
Forsíða/kápa (já/nei)	já(auð)/já
Skrift (lýsing)	vel læsileg rithönd þó vanti staf og staf fyrir vangá
Styttingar/bönd	já/já